



Lúxemborg, 15 Júlí 2021

FRÉTTATILKYNNING 13/2021

Dómur í máli E-14/20 *Liti-Link AG* gegn *LGT Bank AG*

MIFID I: NÆGJANLEG VEITING UPPLÝSINGA TIL VIÐSKIPTAVINA VARÐANDI UMBUN

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Hæstarétti Liechtenstein (*Fürstlicher Oberster Gerichtshof*). Spurningarnar vörðuðu túlkun á tilskipun Framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 („framkvæmdartilskipunin“) um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingarfyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun („MiFID I“).

Málið fyrir landsdómstólnum varðar beiðni um upplýsingar um ávinning með verðgildi sem greiddur var til LGT Bank AG („LGT“) í tengslum við viðskiptasamband LGT við tiltekinn viðskiptavin. Árið 2018 hafði viðskiptavinurinn framselt allar kröfur sem stöfuðu af viðskiptasambandi hans við LGT til Liti-Link AG til innheimtu. Landsdómstóllinn leitaði leiðbeininga varðandi túlkun 26. gr. framkvæmdartilskipunarinnar, með hliðsjón af veitingu upplýsinga um þóknanir, umboðslaun eða ópeningalegan ávinning („umbun“).

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að lokamálsgrein 26. gr. framkvæmdartilskipunarinnar, sem lesa verður með hliðsjón af fyrstu málsgrein sama ákvæðis, sem og 19. gr. MiFID I, verði að túlka sem svo að greina megi frá grundvallarskilmálum fyrirkomulags í tengslum við veitingu umbunar í stuttu máli, svo framarlega sem fjárfestingafyrirtækið hafi skýrt viðskiptavinum frá því áður en fjárfestingaþjónusta eða viðbótarþjónusta var veitt, að slík umbun sé greidd eða móttekin frá þriðja aðila; hafi skuldbundið sig til að veita frekari upplýsingar að beiðni viðskiptavinarins; og virðir þá skuldbindingu. EFTA-dómstóllinn taldi einnig að veiting upplýsinga gæti farið fram með almennum eða fyrirfram ákveðnum skilmálum. Það sé þó háð því að hver og einn viðskiptavinur fái upplýsingar í tengslum við tiltekna fjárfestingarþjónustu, og að upplýsingarnar veiti viðskiptavininum nægjanlegan grundvöll til að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingu. Enn fremur taldi EFTA-dómstóllinn að slík veiting upplýsinga feli í sér skyldu fjárfestingafyrirtækis til að gefa skýrt til kynna hvort og hvenær umbun sé veitt á heildstæðan, nákvæman og skiljanlegan hátt, áður en viðkomandi fjárfestingaþjónusta eða viðbótarþjónusta er veitt. Almenn veiting upplýsinga sem vísar einvörðungu til þess möguleika að fjárfestingafyrirtæki gæti hlotið slíka umbun frá þriðja aðila telst ekki nægjanleg. Þá komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að skilyrðin fyrir veitingu upplýsinga um umbun í stuttu máli teljist ekki uppfyllt ef fjárfestingafyrirtækið skuldbindur sig til að veita frekari upplýsingar eingöngu fyrir tólf mánaða tímabil fyrir móttöku beiðni.

Að því er varðar veitingu upplýsinga samkvæmt i-undirliðar b-liðar 1. mgr. 26. gr., taldi EFTA-dómstóllinn að ef ekki er unnt að ganga úr skugga um fjárhæð þóknana eða umboðslauna, teljist veiting upplýsinga eingöngu rétt ef viðskiptavinur er komið í þá stöðu að honum sé fært að reikna umrædda upphæð sem fjárfestingafyrirtækinu er veitt, svo honum sé gert kleift að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingu.

Loks taldi EFTA-dómstóllinn að EES-réttur krefjist ekki beinna réttaráhrifa ákvæða EES-réttar, sem ekki hafa verið réttilega innleidd í landsrétt. Landsdómstólum er þó engu að síður skylt að tryggja, eins og framast er unnt, að komist er að þeirri niðurstöðu sem EES-réttur miðar að, með því að túlka landsrétt í samræmi við EES-rétt.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.